GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Kópaskers.

Árlegur vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í Presthólahreppi, sem fá vatn frá vatnsveitunni.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarverðmæti hverrar fasteignar, þ.e. mat mannvirkja og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94, 20. maí 1976. Upphæð vatnsskatts skal vera 0,4% af fasteignamati húss og lóðar.

Aukavatnsskattur.

2. gr.

Auk vatnsskatts skv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, vinnslustöðvar, útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðastöðvar svo og skulu þeir aðrir greiða aukavatnsskatt sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal greiða fyrir:

a) hverja vetrarfóðraða sauðkind kr. 5,12.

b) hvern vetrarfóðraðan stórgrip kr. 65,90.

Annan aukavatnsskatt skal innheimta skv. mæli með kr. 5.12 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

∅ 20 - 30 mm	kr.	960,00
∅ 40 mm	kr.	1 270,00
∅ 50 mm	kr.	3 300,00
∅ 80 mm	kr.	6 400,00
∅ 100 mm	kr.	8 100,00

Fyrir vatn til skipa í Kópaskershöfn skal greiða kr. 68,00 á hvern rúmmetra vatns.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Um greiðslu.

3. gr.

Vatnsskatt og önnur gjöld skv. gjaldskrá þessari skal greiða á sömu gjalddögum og fasteignagjöld og eru þau lögtakskræf.

Gjöld önnur en vatnsskattur, sem reiknast af fasteignamatsverði, skulu breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá janúar 1989 125.4 stig, (vísitala með grunn 100 í júlí 1987) þó ekki yfir 50% án staðfestingar ráðuneytis.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af Hreppsnefnd Presthólahrepps, staðfestist hér með skv. lögum um aðstoð til vatnsveitna nr. 93/1947 og vatnalögum nr. 15/1923, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.